

## Jafnréttisáætlun Pelamerkurskóla 2019-2022

Í lögum um grunnskóla [nr. 91/2008](#) og í Aðalnámsskrá grunnskóla er víða fjallað um jafnrétti kynjanna og mannréttindi. Þar er áherslan á að bæði kynin hafi jafnan rétt til náms, þátttöku í samfélaginu, fjölskyldu- og atvinnulífi. Markmið námsins og kennslunnar og starfshættir skólans skuli vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun meðal annars vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar og trúarbragða.

Stefna Pelamerkurskóla er að allir nemendur og starfsfólk búi við jafna stöðu og jafnan rétt í starfi sínu við skólann og fái jöfn tækifæri til náms og þroska án tillits til uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar og trúarbragða.

Aðgerðaráætlun skólans um hvernig tryggja skuli að farið sé að 22. gr. og 23. gr. Jafnréttisлага. Áætlunin er gerð í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla [nr. 10/2008](#), [jafnréttisstefnu Hörgársveitar](#) og Jafnréttisstofu.

**22. gr.** [Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni.]1)

Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir [kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni] 1) á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.

Ef yfirmaður er kærður vegna [æftraðs kynbundins ofbeldis, ætlaðrar kynbundinnar áreitni eða ætlaðrar kynferðislegrar áreitni] 1) verður hann vanhæfur til að taka ákvarðanir í tengslum við starfsskilyrði kæranda á meðan meðferð málsins stendur yfir og skal þá næsti yfirmaður taka slíkar ákvarðanir.

1) [L. 62/2014, 3. gr.](#)

**23. gr.** Menntun og skólastarf.

Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal íþróttá- og tómsundastarfi.

Á öllum skólastígum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.

Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.

Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.

Efla skal rannsóknir á stöðu kynjanna í íslensku samfélagi, jafnt fræðilegar grunnrannsóknir sem hagnýtar rannsóknir, og miðla niðurstöðum þeirra markvisst innan skólastarfsins og til fjölmiðla.

[Það ráðuneyti er fer með fræðslumál] 1) skal fylgjast með að jafnréttis kynjanna sé gætt í skóla- og uppeldisstarfi sem og í íþróttá- og tómsundastarfi. Enn fremur skal [það ráðuneyti er fer með fræðslumál] 1) fylgjast með þróun jafnréttismála á þessum sviðum samfélagsins.

Jafnréttisráðgjafi skal starfa innan [þess ráðuneytis er fer með fræðslumál] 1) og skal hann fylgja eftir ákvæðum þessarar greinar og veita viðkomandi aðilum ráðgjöf í jafnréttismálum, m.a. um sértækar aðgerðir til að stuðla að jafnrétti kynjanna.

1) [L. 126/2011, 473. gr.](#)

**Aðgerðaráætlun Pelamerkurskóla um hvernig tryggja skuli að farið sé að 22. gr. og 23. gr. Jafnréttis laga.**

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að koma í veg fyrir að starfsfólk og nemendur verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni eða einelti og að auka þekkingu allra á þess háttar málefnum,	Umræða og leshópavinna um mörk og samskipti, einkenni kynferðislegrar áreitni og kynbundinni áreitni og ofbeldi og leiðbeiningar um viðbrögð. Fræðsla fyrir nemendur bæði frá utanaðkomandi aðilum sem sérhæfa sig á þessu sviði og fræðsla í Lífsleikni, Smiðjum og fleiri kennslustundum eftir atvikum.	Skólastjóri og kennarar	apríl 2019 og árlega eftir það.
Gæta skal að kynjasambættingu og forvörnum í allri stefnumótun og áætlanagerð í skólanum.	Stjórnendur og kennarar fái utanaðkomandi fræðslu í sambættingu jafnréttis og kynjasjónarmiða.	Skólastjórnendur.	Alltaf til skoðunar.
Nemendur fái fræðslu um jafnréttismál út frá víðu sjónarhorni, s.s. hinsegin fræðslu og fræðslu um jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði.	Hinseginfræðsla í lífsleikni sem og jafnréttisfræðsla og verkefnavinna í lífsleikni og smiðjum út frá jafnrétti í víðu samhengi.  Heimsóknir frá konum sem starfa í hefðbundnum karlastörfum og körlum sem starfa í hefðbundnum kvennastörfum.	Skólastjórnendur og umsjónarkennarar	Lokið í desember 2019 og endurtekið skólaárið 2021-2022
Að auka meðvitund starfsfólks um kynjasjónarmið í námsefni og öðrum gögnum sem nemendur vinna með.	Samræður og fræðsla á starfsmannafundum.  Rýnt í námsbækur og lestrarbækur m.t.t. kynjasjónarmiða og jafnréttis.	Skólastjórnendur  Skólastjórnendur og kennarar.	Lokið í desember 2019 endurtekið árlega.